

Nd.

514. Frumvarp til laga

[267. mál]

um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar-kaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Gils Guðmundsson, Jón Skaftason,
Benedikt Gröndal, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A-liður laganna orðist svo:

- A. Pkt. 1. „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar.
- 2. Hnit X 24.254,20, Y 10.562,96.
 - 3. Hnit X 24.254,20, Y 10.602,04.
 - 4. Hnit X 24.243,90, Y 10.602,04.
 - 5. Hnit X 24.243,90, Y 10.660,00.
 - 6. Hnit X 24.206,30, Y 10.660,00.
 - 7. Hnit X 24.206,30, Y 10.650,00.
 - 8. Hnit X 24.175,77, Y 10.586,50.
 - 9. Hnit X 24.055,00, Y 10.625,00.
 - 10. Hnit X 23.955,00, Y 10.965,00.
 - 11. Varða við Reykjavíkurveg, bar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins í Engidal.
 - 12. Hnit X 22.208,19, Y 10.852,62 (varða á Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti).
 - 13. Hnit X 22.094,89, Y 10.079,01 (steyptur stöpull í hraunjaðrinum milli Kaplakrika og Stórákróks).
 - 14. Hnit X 22.110,63, Y 9.534,19 (steyptur stöpull efst á Sethbergshamri).
 - 15. Hnit X 21.657,44, Y 8.850,84 (steyptur stöpull efst á Fjánhúsholti).
 - 16. Hnit X 21.590,11, Y 8.417,44 (steyptur stöpull á Norðlingahálsi, norðan vegar).
 - 17. Hnit X 21.903,84, Y 7.972,13 (steyptur stöpull við gömlu landamerkjalinuna í Moshlíð, um 250 m sunnan Elliðavatnsvegur).
 - 18. Lækjarbotnar.
 - 19. Gráhellu.
 - 20. Miður Ketshellir, þá eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í
 - 21. Kaplatór (Strandatorfur).
 - 22. Hnit X 686.237,81, Y 392.971,53 (Markraki í Dauðadölum).
 - 23. Hnit ca. X 692.830, Y 392.030 (Melrakkagil í Undirhlíðum).
 - 24. Hnit 696.942,32, Y 392.328,03 (varða á Markhelluhól).
 - 25. Hraunkrossstapi.
 - 26. Miðkrossstapi.
 - 27. Hólbrunnshæð.
 - 28. Stóri-Grænhóll.
 - 29. Skógarhóll.
 - 30. Markaklettur við Hraunsnes.

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951, nema hnit í pkt. 22 (Markraki), pkt. 23 (Melrakkagil) og pkt. 24 (Markhelluhóll), sem eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvorpi.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 110 31. desember 1974, um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði um kjörskrár í V. kafla laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skulu þeir íbúar Garðakaupstaðar, sem með lögum þessum flytjast í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, teknir á kjörskrá Hafnarfjarðar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnanna í Hafnarfirði og Garðakaupstað. Um ástæður til flutnings frumvarpsins visast til bréfa frá þessum aðilum, sem birt eru hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal.

HAFNARFJARÐARBÆR

Bæjarstjóri

Hafnarfirði, 3. apríl 1978.

Á undanförnum árum hafa fulltrúar Garðabæjar og Hafnarfjarðar rætt breytingar á lögsagnarumdæmismörkum bæjarfélaganna. Fyrir milligöngu skipulagsstjóra ríkisins, Zóphóníasar Pálssonar, og að hans tillögu hafa sveitarstjórnirnar gert með sér samning, fskj. nr. 1, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 17. nóv. 1977, fskj. nr. 2, og samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 22. nóv. s.l., fskj. nr. 3, um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum sveitarfélaganna, sbr. og uppdrátt, fskj. nr. 4, sem sýnir hin nýju mörk sveitarfélaganna milli Engidals og Lækjarbotna eins og sveitarstjórnirnar hafa komið sér saman um að þau verði.

Lengi hafði ríkt óvissa um suðurmörk Hafnarfjarðar milli Dauðadala um Melrakkagil í Undirhlíðum og Markhelluhóls.

Að tilhlutan landbúnaðarráðuneytisins kvað landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar upp dóm þann 6. nóv. 1971 í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað. Í dómi þessum, fskj. nr. 5, eru suðurmörk Hafnarfjarðar ákvörðuð bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti, fskj. nr. 6, hnit X = 686.237.81, Y = 392.971.53, í punktinn M, hnit ca. Z = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin þaðan markalínu Krýsuvíkur að Markhelluhól, hnit X = 696.942.32, Y = 392.328.03.

Ofanefnd hnit eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpí.

Er þess nú vinsamlegast óskað, herra alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því á Alþingi, að lögunum um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar verði breytt til

samræmis við framangreint samkomulag milli bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar og einnig í samræmi við áminnstan landamerkjadóm.

Hjálagt læt ég fylgja drög að frumvarpi til laga, sem fela í sér umbeðna breytingu.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson, bæjarstjóri.

Samþykkt að því er tekur til lögsagnarmarka Garðabæjar.

Garðabær, 4. apríl 1978.

Bæjarstjórinn í Görðum.

Garðar Sigurgeirsson.

Fjármálaráðherra
Matthías Á. Mathiesen,
Alþingi,
Reykjavík.

Fskj. nr. 1.

Samningur milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Þessi tvö sveitarfélög gera með sér eftirfarandi samning um að breyta lögsagnarmörkum sínum eins og sýnt er á uppdrætti skipulagsstjóra í mkv. 1:10.000, dags í nóv. 1977.

1. Spilda A, sem er um 109 ha, fer í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, en spilda B, sem er um 33 ha, fer í lögsagnarumdæmi Garðabæjar.
2. Eignaraðild lands breytist ekki við þessa breytingu á lögsagnarmörkum, nema hvað Garðabær skal fá afsal fyrir spildu B. Þeir, sem hafa tímabundinn afnotarétt af löndum í spildunni, skulu halda rétti sínum þrátt fyrir afsalið.
3. Nánari skilgreining og útmæling á mörkum verður gerð síðar, af trúnaðarmanni sem sveitarstjórnirnar koma sér saman um að fela það starf.
4. Hafnarfjarðarbær fellst á að heimila Garðabæ að tengja tímabundið holræsi frá væntanlegri byggð í reit B í holræsakerfi Hafnarfjarðar eftir nánara samkomulagi. Þá er Hafnarfjarðarbær fús til að láta væntanlegum húsum á sama svæði í té vatn eftir nánara samkomulagi. Enn fremur heimilar Hafnarfjörður Garðabæ að leggja þann vegarkafli, sem á kynni að vanta til að tengja svæði B við vegakerfi Hafnarfjarðar.
5. Sveitarfélögin eru sammála um að stefna að því, að reitur B og spildan milli B og Keflavíkurvegarins verði aðallega ætluð undir iðnað og verslanir í tengslum við viðkomandi iðnaðarstarfsemi.
Skal höfð samvinna milli sveitarfélaganna um skipulag þessa svæðis í stórum dráttum, og sömuleiðis varðandi áfangaskipti uppbyggingarinnar.
6. Vegur sá, sem kemur til með að tengja reit B og spilduna milli B og Keflavíkurvegarins, skal lagður strax og efri Reykjanesbraut kemst í notkun.
7. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur þegar gefið dvalarheimilinu DAS fyrirheit um viðbótarlóð, eftir því sem þörf krefur og eftir nánara samkomulagi, sem leggist undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar þegar DAS óskar.

8. Breytingarnar taka ekki gildi fyrr en báðar sveitarstjórnir hafa samþykkt samkomulagið og breytingarnar hafa verið samþykktar sem lög á Alþingi.
9. Verði ágreiningur um einhver atriði er snerta skipulagið eða túlkun þessa samnings, sker Skipulagsstjórn ríkisins úr.

mars 1978.

F. h. Garðabæjar
Garðar Sigurgeirsson, bæjarstjóri.

F. h. Hafnarfjarðarbæjar
Kristinn Ó. Guðmundsson, bæjarstjóri.

Fskj. nr. 2.

BÆJARSTJÓRINN Í GÖRÐUM

Skipulagsstjóri ríkisins
hr. Zóphónías Pálsson
Borgartúni 7
105 Reykjavík.

Garðabæ, 21. nóv. 1977.

Efni: Tillaga yðar dags. 15. nóv. 1977 um breytingar á lögsagnarumdæmismörkum Garða og Hafnarfjarðar.

Bréf yðar, dags. 15. þ. m., ásamt samkomulagsdrögum og uppdrætti yðar dags. 13. þ. m. (í mælikvarða 1:10 000) voru til umræðu á fundi bæjarstjórnarinnar í Görðum 17. þ. m.

Tillögur yðar voru samþykktar af bæjarstjórn fyrir hennar leyti og fól hún forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra að ræða framgang málsins við Hafnafirðinga og landeigendur.

Virðingarfyllst,
f. h. Bæjarstjórnarinnar í Görðum
Bæjarstjórinn í Görðum
Garðar Sigurgeirsson.

Fskj. nr. 3.

BÆJARRITARINN Í HAFNARFIRÐI

25. nóv. 1977.


Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 22. þ. m. var tillaga yðar, dags. 13. nóv. 1977, ásamt samkomulagsdrögum, dags. 15. nóv. 1977, um breytingar á lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar samþykkt, þó þannig að við afsal á spildu B til Garðabæjar, skv. lið 2 í drögnum, skal tekið fram að þeir, sem hafa tímabundinn afnotarétt af löndum í spildunni, skuli halda sínum rétti þrátt fyrir afsalið.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Guðbjörn Ólafsson.

Skipulagsstjóri ríkisins,
hr. Zóphónías Pálsson,
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Fskj. nr. 4.



Fskj. nr. 5.

Endurrit dóms landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964:

Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað.

Ár 1971, þriðjudaginn 14. desember, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964:

Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað, kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR

Niðurstaða dómsins er því þessi: Norðurmörk Krísvíkurlands eru þessi: Bein lína frá vörðu á Markhelliuhól, hnit X = 696.942,32, Y = 392.328,03, um punktin M á meðfylgjandi uppdrætti, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

Suðurmörk Hafnarfjarðar eru þessi: Bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti, hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53, í punktin M á meðfylgjandi uppdrætti, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, og fylgja mörkin þaðan markalínu Krísvíkur samkvæmt framanrituðu að Krísvíkurvegi.

Framangreindar merkjalínur og punkta M og D hefur K. Haukur Pétursson, mælingaverkfræðingur, að tilhlutan dómsins, sett út í uppdráttinn af landinu og er sá uppdráttur hluti af dómi þessum.

Eftir öllum atvikum er rétt, samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður, en kostnað, sem dómurinn hefur lagt út vegna málsins fyrir kortagerð og fleira, samtals kr. 66.143,00, skuli aðilar greiða þannig, að jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu greiði hvor um sig fjórðung og Hafnarfjarðarkaupstaður helming.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, hversu umfangsmikið það hefur verið.

Dóm þennan kváðu upp Jón Thors, setudómari, og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson, borgardómari, og Zóphónías Pálsson, skipulagsstjóri.

Dómsorð:

Norðurmörk jarðarinnar Krísvíkur í Grindavíkurbreppi skulu vera þessi: Bein lína frá vörðu á Markhelliuhól, hnit samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvorpi X = 696.942,32, Y = 392.328,03, um punktin M á uppdrætti af landinu, sem fylgir dóminum, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

Suðurmörk lands Hafnarfjarðarkaupstaðar skulu vera þessi: Bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti af landinu, hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53 í punktin M á meðfylgjandi uppdrætti af landinu, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, og fylgja mörkin þaðan markalínu Krísvíkur að Krísvíkurvegi.

Málskostnaður fellur niður, en útlagðan kostnað dómsins vegna málsins, kr. 66.143,00, greiði jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu hvor um sig að fjórðung og Hafnarfjarðarkaupstaður að helming.

Jón Thors (sign.)

Guðmundur Jónsson (sign.)

Zóphónías Pálsson (sign.)

Rétt endurrit staðfestir.

Reykjavík, 24. jan. 1972.

Jón Thors, setudómari.

